

Umsögn Þingskjal 134 — 134. mál.

Ég Magnús Karl Pétursson hvet heilshugar og eiginlega bara heimta að farið verði í að leggja heilsársveg til Árneshrepps á næsta ári, 2024. Ég rek Hótel Djúpavík sem er í syðstu byggð Árneshrepps. Hingað fáum við mikinn fjölda af ferðamönnum á hverju ári en þó bara yfir vor og sumar mánuðina þó ég glaður vildi taka á móti ferðamönnum á haustin og veturnar. Ég fæ gríðarlega mikla eftirspurn en því miður er ekki gerlegt fyrir gesti að koma hingað í það minnsta 5-6 mánuði á ári.

Það er óþolandi að búa við svona aðstæður og er gríðarlega erfitt að standa í þessu rekstri þegar aðeins er hægt að fá tekjur 6-7 mánuði á ári. Það getur varla staðist samkeppnislög að önnur hótel og veitingarstaðir í nágretta bæjarfélögum geti auðveldlega rekið heilsársrekstur og tekið á móti gestum allt árið. En við hér í Djúpavík þurfum að loka rekstrinum allan veturinn með tilheyrandi vandamálum.


Nú hefur Árneshreppi verið „lofað“ þessum samgöngubótum í rúma tvo áratugi og alltaf hafi íbúar hreppsins verið sviknir. En nú þegar framkvæmdir eiga að hefjast á næsta ári og fólk orðið vongott um að loksins eigi að fara í þessar framkvæmdir er þessu sópað enn og aftur útaf borðinu og næsta ákvörðum verði þá tekin 2028 (sem segir manni bara að þá verði þessi seinkað til 2023 o.s.frv.)

Þetta má bara ekki gerast. Þetta er spurning hvort að Árneshreppur endalega fari í eyði og að fólk endalega gefist upp. Sjálfur hef ég marg spurt mig afhverju ég er að standa í þessu og hafa komið upp þeir tímar að ég er við það að gefast upp á þessari einagrun sem við búum við, stóran hluta af árinu. Ég kem sjálfur úr Reykjavík þar sem öll þjónusta er til staðar og rúmlega það. Hér er fólk ekki að fara fram á sambærilega þjónustu. Eina sem er farið fram á er að samgöngur séu nothæfar allt árið og hægt sé að komast frá A-B. Þessi heilsársvegur mun marg borga sig til baka með auknum heimsókn í Árneshrepps. Við munum loksins getað ráðið til okkar heilsársstarfsmenn og því munu íbúum hreppsins fjölga.

Á íbúðarfundi fyrir nokkrum árum var farið yfir möguleikana sem Árneshreppur hefur uppá að bjóða. Þrátt fyrir margar frábærar hugmyndir stöðvuðust nær allar þeirra á samgöngumálum í hreppnum. Ég kom hingað ferskur fyrir 10 árum og var fullur af nýjum hugmyndum og orku. Ég hef fundið fyrir því að þessi orka fer dvínandi þökk sé því að hér er maður alltaf að synda á móti straumnum. Ég hjó sérstaklega eftir því á þessum íbúðarfundi að eldri kynslóðin sem þangað mætti voru nánast eins og lamdir hundar. Það er búið að svíkja þetta fólk svo oft og vonleysið skein úr augum á þeim þegar við yngri kynslóðin ræddum hinar og þessar hugmyndir. Þetta fannst mér svakalega erfitt að horfa uppá og vona svo innilega að ég verði ekki í þeirra sporum eftir 15-20 ár.

Það munu allir græða á því að bæta samgöngur í Árneshreppi. Það er enn von um að byggð haldist og ungt fólk tilbúið að leggja mikið á sig. Nú er kjörið tækifæri til þess að hjálpa Árneshreppi en jafnframt hugsa ég að þetta sé síðasta.

Áfram Árneshreppur!

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Magnús Karl Pétursson'. The signature is fluid and cursive, with a large loop at the end.

Magnús Karl Pétursson
Hótelstjóri Hótel Djúpavíkur.